# Ef barn týnist í vettvangsferð

1. Um leið og kennari uppgötvar að barn hefur orðið viðskila við hópinn og finnst ekki eftir vettvangsathugun/leit hefur hann samband við leikskólann sem tekur við málinu í samráði við skólastjórnanda/umsjónarmann skólans. Ábyrgð kennarans er þá að halda utan um nemendahópinn og koma honum af öryggi á leiðarenda.

2. Skólastjórnandi/umsjónarmaður leikskólans hringir í foreldra barnsins, segir hvar hópurinn var í vettvangsferð og biður um ráðleggingar, þ.e. hvort barnið þekki þarna til og hvort það sé líklegt til þess að fara einhverja tiltekna leið/áfangastað.

3. Skólastjórnandi/umsjónarmaður leikskólans hefur samband við neyðarlínuna/lögregluna. Neyðarlína hringir í skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans þegar barnið finnst. Foreldri hringir í skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans þegar barnið finnst. Kennari hringir í skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans þegar barnið finnst. Um leið og barnið finnst lætur skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans hlutaðeigandi vita: neyðarlínu, foreldra, kennarann.

# Ef barn týnist af leikskólalóð

1. Um leið og kennari uppgötvar að barn hefur orðið viðskila við hópinn og finnst ekki eftir vettvangsathugun/leit upplýsir hann skólastjórnanda/umsjónarmann skólans sem tekur við málinu. Ábyrgð kennarans er þá að halda utan um nemendahópinn og tryggja öryggi hans.

2. Skólastjórnandi/umsjónarmaður leikskólans hringir í foreldra barnsins.

3. Skólastjórnandi/umsjónarmaður leikskólans hefur samband við neyðarlínuna/lögregluna. Neyðarlína hringir í skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans þegar barnið finnst. Foreldri hringir í skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans þegar barnið finnst. Kennari hringir í skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans þegar barnið finnst. Um leið og barnið finnst lætur skólastjórnanda/umsjónarmann leikskólans hlutaðeigandi vita: neyðarlínu, foreldra, kennarann.